

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2066/2001**

frá 22. október 2001

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 að því er varðar notkun lýsósíms í vínafurðir**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2826/2000<sup>(2)</sup>, einkum 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er heimilt að bæta lýsósími í tiltekna vínafurðir.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1655/2001<sup>(4)</sup>, er einkum mælt fyrir um takmarkanir og skilyrði er snerta notkun á tilteknum efnum sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Leyfilegir hámarks-kammtar þessara efna eru ákveðnir í IV. viðauka.
- 3) Tilraunir varðandi notkun lýsósíms í vínframleiðslu, sem átt hafa sér stað í tveimur aðildarríkjum, sýna að viðbót þessa efnis er marktækt framlag til að ná fram stöðugleika í vínnum og gerir kleift að framleiða gæðavín með skertu brennisteinsdíoxíðsinnihaldi. Því ber að leyfa notkun þess og mæla fyrir um hámarksskammta í samræmi við tæknileg skilyrði sem tilraunirnar leiddu í ljós.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1622/2000 til samræmis við þetta til að leyfa notkun lýsósíms sem uppfyllir hreinleikaskilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá

2. desember 1996 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur akefni í matvælum en litarefni og sætuefni<sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/30/EB<sup>(6)</sup>.

- 5) Stjórnarnefndin um vín hefur ekki skilað álitni innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 11. gr. a bætist við:

„11. gr. a

**Lýsósím**

Lýsósím, kveðið er á um notkun þess í r-lið 1. liðar og í z-blið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, má einungis nota ef það uppfyllir skilyrðin sem fram koma í VIII. viðauka a við þessa reglugerð.“

2. Eftirfarandi línu er bætt við töfluna í IV. viðauka:

„Lýsósím <sup>(1)</sup>	500 mg/l <sup>(*)</sup>	500 mg/l <sup>(*)</sup>
-------------------------	-------------------------	-------------------------

(\*) Ef því er bætt í bæði must og vín má heildarmagnið ekki vera meira en 500 mg/l.“

3. Eftirfarandi VIII. viðauki a, sem er tilgreindur í viðaukanum við þessa reglugerð, bætist við.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 328, 23.12.2000, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 220, 15.8.2001, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 146, 31.5.2001, bls. 1.

## VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI a

**Skilyrði varðandi lýsósím***(11. gr. a þessarar reglugerðar)*

## NOTKUNARSVIÐ

Heimilt er að bæta lýsósími við þrúgumust, þrúgumust í gerjun og vín, í eftirfarandi tilgangi: til að stjórna vexti og virkni gerla sem koma af stað gerjun eplasýru í mjólkursýru (malolactic fermentation) í þessum afurðum.

## SKILYRÐI:

- Hámarksskammtur er ákveðinn í IV. viðauka við þessa reglugerð.
  - efnið sem notuð er verður að vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/77/EB.“
-